



ÁRSSKÝRSLA 2018



Í þessari ársskýrslu segir frá sextánda starfsári *Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi*. Sagt er frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslunni og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki starfseminni. Einnig eru teknar saman tölulegar upplýsingar um starfsemina.

Tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga, eðli ofbeldisins sem þeir hafa orðið fyrir og afleiðingar þess, eru mikilvægar til þess að greina þörfina fyrir þjónustu samtakanna, þær breytingar sem verða á umfangi og eðli ofbeldisins og til þess að auka þekkingu.

Aflið

Aðalstræti 14, 600 Akureyri
Símar: 461-5959 og 857-5959
Netfang: aflid@aflidak.is
Vefsíða: www.aflidak.is
Ritstjóri: Hjalti Ómar Ágústsson
Tölfræðiúrvinnsla: Hjalti Ómar Ágústsson
Ársreikningur: ENOR
Hönnun og uppsetning: Villydóttir hönnun
Prentun: Prentsmiðjan.is

Efnisyfirlit

Um ársskýrslu Aflsins	2
Efnisyfirlit	3
Stjórnarpistill	4
Saga og þróun Aflsins	6
Hugmyndafræði Aflsins	7
Skipulag og hlutverk	8
Stjórn	8
Verkefnastjóri	9
Ráðgjafar	9
Faglegur ábyrgðarmaður	9
Þjónusta við þolendur	10
Einstaklingsviðtöl	10
Hópastarf	11
Forvarnir og fræðsla	12
Samstarf	13
Ýmsir viðburðir, námskeið og ráðstefnur á árinu	14
Tölfræði	16
Einkaviðtöl	16
Nýir skjólstæðingar	17
Hópastarf	18
Ástæður komu	19
Uppruni og heimili	19
Aldursdreifing skjólstæðinga	20
Fjármál	22
Styrkir	22
Útgjöld	24
Ársreikningur	25
Skýrsla stjórnar	27
Áritun endurskoðanda	28
Rekstrarreikningur	29
Efnahagsreikningur	30
Skýringar og sundurliðanir	31

Stjórnarpistill

Á árinu 2018 voru fjárframlög ríkisins til Aflsins skorin niður um rúm 30% frá árinu 2017 eða úr 14,5 milljónum niður í 10 milljónir. Því varð það fljótt ljóst að það yrði megin verkefni stjórnar að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og tryggja grunnþætti starfseminnar fyrir þolendur. Má því segja að starfsemin 2018 hafi takmarkast við grunnþjónustu og allir aðrir þættir starfseminnar s.s. forvarnir, endurmenntun ráðgjafa og starfshlutfall verkefnastjóra hafi verið skorið niður eins og hægt var án þess að það hefði áhrif á þjónustu við þolendur.

Þessi niðurskurður fjárframlaga var nokkuð áfall þar sem uppi voru hugmyndir um að auka þjónustu Aflsins og efla starfsemina enn frekar. Þessar hugmyndir voru lagðar á hilluna þar sem áætlanir sýndu að miðað við fjárframlag og eignir í sjóði myndu þeir fjármunir í besta falli duga út árið 2018. Enda ríkti óvissa um í lok árs hvort hægt væri að halda Aflinu opnu út árið. Ef ekki hefði komið til ótrúleg velvild samfélagsins, framlög frá Akureyrarbæ og gjafir frá m.a. Einingu – Iðju, sem gaf Aflinu 1 milljón á 100 ára afmæli félagsins og Skólafélaginu Hugin sem safnaði 875 þús kr fyrir Aflið er ljóst að ekki hefði tekist að halda starfseminni gangandi út árið. Hafi þessi félög og aðrir sem studdu Aflið kærar þakkir fyrir stuðninginn, þessi framlög ykkar gerðu gæfumuninn.

Í lok árs 2018 fór mikil vinna í það að reyna að tryggja fjárhagslega framtíð Aflsins og koma samtökunum helst á fjárlög. Lögðust stjórn, bæjarfulltrúar á Akureyri, þingmenn og fleiri öll á eitt til að svo mætti verða. Ávinningurinn af því er sá að ritað var undir samning um 18 milljóna framlag ríkisins árið 2019. Sá samningur tryggir að hægt er að halda í horfinu út árið en öll áform um að auka við þjónustu bíða betri tíma. Samningurinn er hins vegar aðeins til eins árs en ráðherra og ýmsir þingmenn hafa lýst yfir vilja til að gera samning um fjárframlög til lengri tíma og verður allt kapp lagt á það að svo verði svo hægt verði að horfa til framtíðar í rekstri Aflsins.

Á árinu tók Aflið þátt í undirbúningi að stofnun miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri og er vonast til að sú starfsemi hefjist fyrr en seinna. Einnig hefur verið horft til þess hvort möguleiki væri á því að nýta þá yfirbyggingu sem er í Aflinu og þjálfa upp

ráðgjafa á Austfjörðum og jafnvel víðar á Norðurlandi, sem væri mjög spennandi verkefni og liður í því að auðvelda þolendum að leita sér hjálpar. Allt veltur þó á því að fjármagn fáiist til verkefnanna.

Aðsókn þolenda í þjónustu Aflsins hefur vaxið gríðar hratt undanfarin ár. Miðað við tölur ársins 2018 virðumst við þó vera að nálgast stöðugleika í rúmlega 1400 viðtölum á ári. Það má því öllum vera ljóst hversu mikilvæg starfsemi Aflsins er fyrir samfélagið. Viljum við því leggja allt kapp á að tryggja að þessi þjónusta verði áfram í boði, endurgjaldslaust fyrir þolendur. Teljum við að endurgjaldslaus jafningjaráðgjöf Aflsins opni möguleika fyrir ýmsa hópa til að leita sér aðstoðar sem að öðrum kosti ættu takmarkaða möguleika á að ná sér á strik eftir alvarleg áföll. Það hlýtur að teljast hverju samfélagi ómetanlegt.

Að lokum vill stjórn þakka einstökum ráðgjöfum, faglegum ábyrgðarmanni og verkefnastjóra fyrir kraftmikið og gott starf á árinu og höldum ótrauð áfram á árinu 2019.

Með þökkum,
Stjórn Aflsins

Saga og þróun Aflsins



Sæunn Guðmundsdóttir fyrrum ráðgjafi og einn stofnenda Aflsins

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunaverkefni Stígamóta og Jafnréttisstofu. Stofnendur Aflsins voru Olga Ellen Einarsdóttir, Laufey H. Svavarsdóttir, Anna María Hjálmarsdóttir, Rannveig Guðnadóttir, Sigurlaug Una Hreinsdóttir, Hólmfríður Lilja Björnsdóttir og Sæunn Guðmundsdóttir. María Jónsdóttir og Margrét Ríkarðsdóttir komu inn sem varafulltrúar í stjórn við stofnun samtakanna og auk stofnenda stóð fjöldi kvenna að baki þeim og studdi við að koma samtökunum af stað.

Bergrún Sigurðardóttir, sem þá var starfskona Stígamóta og síðar ein af stofnendum Drekaslóðar, var þeim innan handar við stofnun samtakanna og við að taka fyrstu skrefin. Í upphafi störfuðu fimm af stofnendum samtakanna sem ráðgjafar hjá Aflinu, þær Ellen, Laufey, Anna María, Rannveig og Sæunn. Samtökin fengu aðstöðu í litlu herbergi í Menntasmiðju kvenna í Glerárgötu á Akureyri til að vera með ráðgjöf. Í upphafi var einn símatími í viku en starfið vatt hratt upp á sig. Þaðan fóru samtökin í Ráðgjafastofu Reynis þar sem þau fengu aðstöðu til viðtala auk þess sem samtökin fengu aðstöðu fyrir hópastarf hjá Lautinni sem þá var í Þórunnarstræti. Þegar Lautin flutti í Brekkugötu 32 þá fengu samtökin aðstöðu þar. Árið 2016 gerðu Akureyrarbær og Aflið samstarfssamning og fékk Aflið samkvæmt honum aðstöðu í Gamla spítala (Gudmanns Minde), Aðalstræti 14 á Akureyri og þangað flutti starfsemin um sumarið 2016. Með samningnum við Akureyrarbæ má segja að Aflið hafi loks komist í fullnægjandi húsnæði þar sem hægt er að taka viðtöl í þremur viðtalsherbergjum samtímis, aðstaða er fyrir hópastarf auk þess sem í húsinu er fundarherbergi, skrifstofa og tvö sameiginleg rými á tveimur hæðum sem gerir það að verkum að hægt er að taka á móti minni hópum í fræðslu.

Frá því að Aflið var stofnað hafa orðið miklar breytingar á starfsemi samtakanna. Með auknu fjármagni og bættri aðstöðu hefur mikil áhersla verið lögð á að bæta faglegt starf

innan samtakanna. Mikil breyting varð þegar hægt var að ráða faglegan ábyrgðarmann, sem leiðir faglegt starf samtakanna og sinnir handleiðslu fyrir ráðgjafa, og verkefnastjóra í hálfstarf sem sér um daglegan rekstur og framkvæmir ákvarðanir stjórnar.

Í upphafi bauð Aflið þolendum kynferðisofbeldis upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa. Ýmislegt hefur breyst og fljótlega var einnig farið að taka á móti þolendum heimilisofbeldis. Frá árinu 2016 hafa allir þeir sem hafa verið beittir ofbeldi geta sótt þjónustu hjá Aflinu og eru einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar kjarninn í starfseminni. Einstaklingsviðtölum hefur fjölgað jafnt og þétt frá upphafi og hefur starfsemin margfaldast á undanförunum árum.

Hugmyndafræði Aflsins

Frá upphafi hefur Aflið mætt einstaklingum sem þangað leita á jafningjagrundvelli. Rauði þráðurinn í starfinu er sú hugmynd að það fólk sem til okkar leitar sé sjálft sérfræðingar í sínu lífi. Litið er á afleiðingar ofbeldisins og áhrif þeirra á líf fólks sem eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum. Það að vera beittur ofbeldi er aldrei sök brotaþola. Fólk sem hefur verið beitt ofbeldi býr yfir miklum styrk sem það hefur notað til að komast í gegnum ofbeldið og þær afleiðingar sem það hefur haft.

Sýnt hefur verið fram á að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur í úrvinnslu afleiðinga ofbeldis í bland við stuðning fagaðila og hefur það ávallt verið kjarninn í hugmyndafræði Aflsins. Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi án þess að dæma eða skilgreina. Gagnkvæm virðing og að mæta fólki þar sem það er hverju sinni í lífi sínu er grundvallaratriði í starfseminni og við leitumst við að vera fólki samferða í því ferðalagi sem úrvinnsla afleiðinganna er. Þannig felst vinnan fyrst og fremst í því að gera einstaklingana meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða við að nota þá til að breyta og bæta eigið líf. Hver og einn fær þann tíma sem hann eða hún þarf til að vinna úr afleiðingunum.

Í samræmi við þessa hugmyndafræði eru allir ráðgjafar Aflsins einstaklingar sem orðið hafa fyrir áföllum á lífsleiðinni og hafa unnið með þær afleiðingar sem það hefur haft á líf þeirra. Þar að auki fara allir ráðgjafar Aflsins í gegnum þjálfunarferli og hafa víðtæka reynslu og menntun sem nýtist þeim vel í starfi. Allir ráðgjafar eiga kost á handleiðslu

utanaðkomandi fagaðila að eigin vali en þar að auki njóta ráðgjafar Aflsins sem hópur handleiðslu faglegs ábyrgðarmanns við stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar.

Skipulag og hlutverk

Stjórn

Á aðalfundi samtakanna 2017 var Elín Björg Ragnarsdóttir endurkjörin formaður, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir varaformaður, Tryggvi Hallgrímsson ritari, Þórunn Anna Elíasdóttir gjaldkeri og Rósa Matthíasdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir Kristín Heba Gísladóttir og Snorri Björnsson.

Stjórn sér fyrst og fremst um fjármögnun og rekstur samtakanna en einnig að nokkru leyti um umsýslu og skipulagningu. Stjórn fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir málin og ákvarðanir teknar í samræmi við markmið og lög félagsins. Á aðalfundi í maí 2017 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum samtakanna. Þar ber helst að nefna að lögð var áhersla á að Aflið veitir þolendum hvers kyns ofbeldis ráðgjöf þó að áherslan hafi verið á þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis. Helstu ástæður þessarar breytingar eru að rannsóknir og reynsla okkar sýna að afleiðingar ofbeldis og úrvinnsla þeirra eru að miklu leyti þær sömu hvers kyns sem ofbeldið er. Reyndin er enn fremur sú að skjólstæðingar okkar eru að vinna úr afleiðingum margskonar ofbeldis, s.s. eineltis, andlegs ofbeldis og vanrækslu í æsku. Auk þess er aflið að sinna skjólstæðingum víða að og ekki eru forsendur fyrir mörgum sérhæfðum samtökum á svæðinu. Stjórn Aflsins þótti því eðlilegt að lögin endurspegluðu þá staðreynd að allir hafa, og geta, leitað til Aflsins um ráðgjöf burtséð frá því hvers eðlis ofbeldið er sem verið er að vinna úr.

Litlar breytingar urðu á skipan stjórnar á aðalfundi 2018. Arnar Logi hafði tekið sér leyfi frá stjórnarstörfum í nóvember 2017 og sæti hans tók Rósa Matthíasdóttir sem var varamaður í stjórn. Skipan stjórnar eins og hún var í upphafi árs hélst óbreytt eftir aðalfund þar sem stjórnarmenn voru kosnir Elín Björg Ragnarsdóttir formaður, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir, Tryggvi Hallgrímsson, Þórunn Anna Elíasdóttir og Rósa Matthíasdóttir. Varamenn voru kosnir Kristín Heba Gísladóttir og Snorri Björnsson. Kristín Heba er fyrrum stjórnarmaður og þekkir starfið vel en Snorri er kemur nýr og ferskur inn í starfið.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri er Hjalti Ómar Ágústsson. Hjalti hefur starfað hjá Aflinu frá desember 2016 í hálfu starfi en á tímabili í 75% starfshlutfalli. Verkefnastjóri sér um daglegan rekstur samtakanna og starfar náið með bæði ráðgjöfum og stjórn. Starf verkefnastjóra felst m.a. í að taka við viðtalsbeiðnum, halda utan um tímaskráningar og tölfraði, skipuleggja þátttöku samtakanna í samstarfsverkefnum og ferðir ráðgjafa á fundi, námskeið og ráðstefnur auk þess að halda utan um bókhald í samstarfi við ENOR endurskoðun og skrifa ársskýrslu.

Ráðgjafar

Litlar breytingar urðu á ráðgjafahópnum á árinu. Ráðgjafar Aflsins eru Aðalbjörg G. Árnadóttir, Aníta Stefánsdóttir, Karen Bjarnadóttir, Kristján Hrannar Jónsson, Sigurbjörg Harðardóttir, Sólveig Erla Valgeirsdóttir og Jokka G. Birnudóttir sem hefur séð um fræðslu á vegum Aflsins. Sólveig Erla Valgeirsdóttir bættist í hópinn í febrúar en fór í fæðingarorlof í júlí. Sólveig eignaðist stúlkubarn í október og óskum við henni til hamingju með dótturina. Aðalbjörg hefur verið í leyfi frá mars og Karen er í námi í Reykjavík og hefur því lítið komið að ráðgjöf árið 2018 en hefur verið fulltrúi Aflsins á fundum og ráðstefnum í Reykjavík þegar þess hefur gerst þörf. Síðari hluta árs hafa því í raun aðeins Aníta, Kristján og Sigurbjörg verið virk í ráðgjöf og lítið fjárhagslegt svigrúm verið til að ráða inn fleiri ráðgjafa.

Faglegur ábyrgðarmaður

Ráðgjafar sækja einnig handleiðslu til fagaðila ásamt því að funda vikulega þar sem þeir veita hver öðrum stuðning og ráðgjöf. Bryndís Símonardóttir fjölskylduráðgjafi er faglegur ábyrgðarmaður samtakanna og sinnir hóphandleiðslu fyrir ráðgjafa og stjórn. Reglulega eru haldnir starfsdagar þar sem ráðgjafar og faglegur ábyrgðarmaður fjalla um málefni sem snúa að ráðgjöf og má þar nefna hvenær og hvernig er best að ljúka ráðgjöf skjólstæðinga.

Þjónusta við þolendur

Eintaklingsviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Aflsins í fyrsta sinn er boðið upp á eintaklingsviðtal hjá ráðgjafa. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslu sinni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur haft. Ráðgjafar Aflsins leggja mikla áherslu á að byggja upp traust milli skjólstæðings og ráðgjafa, til dæmis með virkri hlustun, samkennd og með því að deila að einhverju leyti eigin reynslu, í samræmi við það sem best nýtist þeim sem þjónustuna sækir.

Að koma í eintaklingsviðtal er stundum fyrsta skrefið sem brotaþoli tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en stundum er það síðasta skrefið í langri vegferð á leið til bata. Birtingarmyndir afleiðinganna eru gjarnan skömm, sektarkennd, brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing, kvíði, depurð eða önnur vanlíðan. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í úrvinnslunni með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Einnig er skjólstæðingum bent á fleiri úrræði, svo sem sálfræðinga, geðlækna eða félagsráðgjafa, allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Sjálfshjálparhópar

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið einn grunnþátturinn í þjónustu Aflsins og eru slíkir hópar mikilvægur liður í því að þolendur ofbeldis geti undir handleiðslu speglað sjálfan sig og eigin reynslu í öðrum sem hafa sömu eða svipaða reynslu rjúfa einangrun brotaþola. Einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar tilfinningar þrátt fyrir ólíka reynslu og í slíkum hópi geta þeir deilt tilfinningum sínum og reynslu og þannig fengið aukinn skilning á þeim.

Hóparnir hittast í 11 skipti í u.þ.b. þrjár klukkustundir í senn. Í hvert skipti er tekið fyrir ákveðið málefni þar sem þátttakendur deila hugleiðingum sínum. Allir sem taka þátt í sjálfshjálparhópum gera það á eigin forsendum og ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir takast á við þær afleiðingar sem unnið er með í slíkum hópum. Hver hópur samanstendur af fjórum til átta einstaklingum auk ráðgjafa frá Aflinu. Markmið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk hver til annars til að takast á við þær afleiðingar sem rekja má til ofbeldis. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og hafa þátttakendur verið ánægðir með reynslu sína í þeim sem og þær breytingar sem þeir

hafa fundið hjá sjálfum sér við þá vinnslu sem þar fer fram. Konum hefur verið boðið upp í sjálfshjálparhópa eftir að hafa verið í einstaklingsviðtölum. Körlum sem sækja ráðgjöf hjá Aflinu hefur fjölgað umtalsvert síðustu árin og var ákveðið að hefja hópastarf fyrir karla á árinu 2018 og fyrsti karlahópurinn hittist í febrúar 2018.

Forvarnir og fræðsla



Jokka, Sigga og Olla fræða grunnskólanema

Mikilvægur hluti af starfsemi Aflsins er að halda úti fræðslu og forvörnum. Það er gert til að efla vitund almennings um hvert brotáðvarp ofbeldis og aðstandendur geta leitað og hvernig hægt er að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólkið og efla vitund þess um ofbeldi. Aflid hefur sinnt fræðslu í 7. og 9. bekkjum grunnskóla bæjarins undanfarin ár, í tengslum við

þjónustusamning við Akureyrarbæ en unnið er að endurskoðun samningsins. Einnig er farið með fræðslu í framhaldsskóla, háskóla, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sé þess óskað. Árið 2018 var Aflid með fræðslu í Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga og velunnara Aflsins sem óskuðu kynningar á starfsemi samtakanna auk almennrar fræðslu í fjölmiðlum.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annars vegar og Sjúkrahússins á Akureyri hins vegar.

Samstarfið er gott á milli allra aðila og haldnir sameiginlegir fundir. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar. Á árinu tóku fulltrúar frá Aflinu þátt í samráðsfundum og voru með gönguvaktir á Bíladögum, Einni með öllu og Akureyrarvöku á Akureyri og Eistnaflugi á Neskaupstað. Aflið vill þakka aðstandendum þessara hátíða kærlega fyrir gott samstarf og samvinnu.



Frá Eistnaflugi

Á árinu var haldið áfram með undirbúningsvinnu vegna *Miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norður og Austurlandi* sem hófst 2017 að frumkvæði Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra á Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að miðstöðin verði staðsett í húsnæði Aflsins í Gamla spítalanum. Samstarfsaðilar eru Lögreglan á Norðurlandi eystra, Aflið, Akureyrarbær, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Kvennaráðgjöfin, Samtök um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Háskólinn á Akureyri og Bjarkarhlíð í Reykjavík en Þolendamíðstöðin á Akureyri mun byggja á sömu hugmyndafræði og Bjarkarhlíð. Við hjá Aflinu erum mjög spennt fyrir þessu verkefni og teljum að slík miðstöð verði mikilvægt skref í þjónustu við þolendur ofbeldis á landsbyggðunum. Verði þolendamíðstöð opnuð má reikna með að samstarf Aflsins við viðbragðsaðila eflist enn frekar, þolendum til mikilla hagsbóta.

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári, má þar nefna lækna, geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt. Einnig hefur Aflið verið að styrkja sambandið við félagasamtök í málaflokknum, t.d. Stígamót, Drekaslóð og Kvennaathvarfið. Eins hefur Aflið átt í ófromlegu samstarfi við Grófina og Ungfrú Ragheiði en nokkur skörun er á skjólstæðingum þessara aðila.

Ýmsir viðburðir, námskeið og ráðstefnur á árinu

Eins og önnur ár, var árið 2018 viðburðaríkt hjá Aflinu en vegna niðurskurðar var fjármagni beint í grunnþjónustu við skjólstæðinga og því lítið um að ráðgjafar sæktu ráðstefnur og námskeið.

Þann 5. janúar var haldin ráðstefna um nauðgun á vegum lagadeildar og sálfræðisviðs Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Rannsóknamiðstöð gegn ofbeldi við HA, lögreglustjórann í Vestmannaeyjum, lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu og Aflið - Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi undir fyrirsögninni *Þögnin, skömmin og kerfið*. Fulltrúar frá Aflinu fjölmenntu á ráðstefnuna. Ólafur Börkur Þorvaldsson dómari við Hæstarétt Íslands var ráðstefnustjóri en Svala Ísfeld Ólafsdóttir dósend við lagadeild HR setti ráðstefnuna sem hófst með ávarpi Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra. Fjöldi fagaðila hélt erindi á ráðstefnunni og má þar nefna auk dómsmálaráðherra, fræðimenn, lögreglustjóra, lögmenn, saksóknara, dómara og sálfræðinga auk þess sem þolendur lýstu reynslu sinni. Jokka G. Birnudóttir var fulltrúi Aflsins á ráðstefnunni og flutti hún erindið „En, hvað ef þetta var mér að kenna?“

Fulltrúar frá Aflinu fóru á ráðstefnuna *Lengi býr að fyrstu gerð* sem haldin var 12. janúar á Grand Hótel í Reykjavík á vegum *Barna- og unglingsdeildar LSH*. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var áföll og áhrif þeirra á líf og heilsu. Á ráðstefnunni fluttu læknar, geðlæknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar erindi um áföll, afleiðingar og úrvinnslu þeirra.

Hjalti Ómar Ágústsson verkefnastjóri Aflsins sótti námskeiðið *Karlar gegn ofbeldi* hjá Stígamótum dagana 24.-25. febrúar. Á námskeiðinu var m.a. fjallað um fjölbreyttar birtingarmyndir kynferðisofbeldis, afleiðingar kynferðisofbeldis, brotaþolavæna umræðu, reynsluheim kvenna, kynjamisrétti, klám, nauðgunarmenningu, skaðlega karlmennsku, forréttindi karla og umræðuna um ofbeldismenn. Lögð var Áhersla á uppbyggilegar umræður um þessi þemu með það að leiðarljósi að skoða hvað karlmenn geta gert í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Flott námskeið og eiga Stígamót og Hjálmar G. Sigmarsson hrós skilið fyrir framtakið.

Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir Kynjaþingi þann 3. mars. Kynjaþing er lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning. Dagskrá þingsins er skipulögð af félaga-

samtökum og grasrótarsamtökum og hugmyndin er sú að auka samræður milli okkar sem er annt um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynnast því helsta sem er að gerast í femíniskri umræðu. Á Kynjaþinginu var Jokka G. Birnudóttir með erindi og Karen Bjarnadóttir sá um kynningarbás samtakanna.

Í tengslum við aðalfund Aflsins boðuðu samtökin til *Málþings um Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norður og Austrlandi* í anddyri Borga við Norðurslóð þann 26. apríl. Á málþinginu var ársskýrsla Aflsins og staða samtakanna kynnt. Sigrún Sigurðardóttir, doktor við Háskólann á Akureyri og Jokka G Birnudóttir, fræðslufulltrúi Aflsins fluttu erindið „Öskrandi líkaminn og þöggun

heilbrigðiskerfisins“ þar sem þær fjölluðu um afleiðingar áfalla á líkamann og nauðsyn þess að tekið sé tillit til þeirra í heilbrigðiskerfinu við greiningar og meðferðir. Halla



Hafdís Inga Hinriksdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir og Jokka G. Birnudóttir



Elín Björg tekur við styrk frá Zontakonum á Akureyri

Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra fjallaði um undirbúning opnunar þolendamiðstöðvar og tilgang hennar í erindinu „Mæta þörfum þolenda ofbeldis“. Hafdís Inga Hinriksdóttir, Félagsráðgjafi og sérfræðingur Bjarkarhlíðar skýrði frá hugmyndafræðinni að baki þjónustumiðstöðvarinnar í Bjarkarhlíð í Reykjavík og reynslunni af starfinu þar í erindinu „Reynslan og starfið í Bjarkarhlíð“. Að síðustu afhentu fulltrúar frá Zontaklúbbunum á Akureyri Aflinu afrakstur Hádegisfundar til styrktar Aflinu sem haldinn var 8. mars. Tryggvi Hallgrímsson var fundarstjóri og var málþingið mjög vel sótt.

Aflið tók í fjórða sinn þátt í Reykjavíkurmaraþoninu árið 2018. Við viljum þakka þeim frábæru hlaupurum sem hlupu fyrir okkur og öllum þeim sem studdu við bakið á þeim og styrktu þannig Aflið með fjárframlagi sínu. Stuðningur ykkar er ómetanlegur og fyrir hann erum við ákaflega þakklát. Alls söfnuðust 165.124 krónur.

Sigurbjörg og Kristján sóttu ráðstefnuna *Gerum betur! Áhrifaríkar aðferðir og helstu hindranir í vinnu með heimilisofbeldismál* sem haldin var þann 18. október af Jafnréttisstofu í tengslum við verkefnið *Byggjum brýr – brjótum múra*. Efni ráðstefnunnar var samvinna í heimilisofbeldismálum og var hún ætluð fagfólki sem vinnur með ofbeldi í nánnum samböndum og almenningi sem vill láta sig málefnið varða.

Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands bauð Akureyrarstofa bæjarbúum upp á að vera *Á kafi í fullveldi* í sundlaug Akureyrar þann 20. október. Hjalti verkefnastjóri Aflsins bauð þar upp á umræður um hvað karlmenn geta gert til að jafna stöðu kynjanna í samfélaginu undir yfirskriftinni *Ábyrgð pungsins*.



Frá samstöðufundi 24. október

Aflið tók þátt í undibúningi og skipulagningu samstöðufundar á Ráðhústorgi í tilefni af Kvennafrí þann 24. október þar sem konur gengu úr vinnu klukkan 14:55 til að mótmæla viðvarandi launamun kynjanna. Samstöðufundurinn var skipulagður í samstarfi við Einingu-löju og Viðburðastofu Norðurlands ásamt fleirum og heppnaðist vel.

Bandalag kvenna í Reykjavík stóð fyrir ráðstefnu um konur og heilsufar undir yfirskriftinni *Hver hugar að þinni heilsu kona góð?* Sigurbjörg mætti frá Aflinu en á ráðstefnunni var m.a. fjallað um áhrif streitu á lífsgæði og afleiðingar áfalla í æsku.

Aflið bauð upp á opið hús þann 6. desember í tengslum við *Alþjóðlegt 16 daga átak gegn*



Karen Birna Þorvaldsdóttir

kynbundnu ofbeldi eins og undanfarin ár. Sú hefð hefur skapast að blanda saman erindum og tónlistaratriðum á opnu húsi og í þetta skiptið voru það Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir og Dana Ýr sem opnuðu dagskrána. Að því loknu tók Ólöf María Birnu- Brynjarsdóttir lífssöguráðgjafi og meistaranemi í félagsvísindum við og fjallaði um rannsókn sína á ólíkum birtingamyndum sjálfsástar og gildi sögunar í lífi hverrar manneskju. Næstur til að taka sviðið var Ivan Mendez sem flutti nokkur lög áður en Karen Birna Þorvaldsdóttir tók við og sagði frá rannsókn sinni á upplifun brotþola af nýjum verklagsreglum

lögreglunnar á

Akureyri. Stefán Elí Hauksson lokaði svo dagskránni með tónlistarflutningi.

Þátttaka Aflsins í öllum þessum viðburðum þjónaði þeim tilgangi að efla samstarf Aflsins við aðra þátttakendur, fræða og efla starfsfólk og kynna starfsemi samtakanna fyrir öðrum sem hafa með málaflokkinn að gera og auka sýnileika samtakanna með það að markmið að ná til sem flestra þolenda.



Stefán Elí


Tölfræði

Einkaviðtöl


Árið 2018 sinntu fimm ráðgjafar hjá Aflinu einstaklingsviðtölum, þar af fjórar konur og einn karlmaður. Fólk af báðum kynjum kemur í einstaklingsviðtöl til Aflsins.

Árið 2018 fjölgaði einstaklingsviðtölum um 4% frá árinu 2017. Viðtölin voru 1460 talsins og alls komu 178 skjólstæðingar í einstaklingsviðtöl árið 2018. Að meðaltali voru því tekin 8,2 viðtöl við hvern skjólstæðing. Þess ber að geta að vegna aukinnar

meðvitundar um afleiðingar ofbeldis og aukinnar umræðu í samfélaginu eru þolendur farnir að koma fyrir í ráðgjöf eftir ofbeldi. Viðtöl eru því tíðari á fyrri stigum ráðgjafar en þegar verið er að vinna úr eldri áföllum.




Tafla 1 Fjöldi einstaklingsviðtala síðastliðin 7 ár.



Tafla 2 Fjöldi skjólstæðinga síðastliðin 7 ár.

Nýir skjólstæðingar


Nýjum skjólstæðingum fækkaði á árinu og voru þeir 124 sem er næst mesti fjöldi nýrra skjólstæðinga á einu ári en árið 2017 voru nýir skjólstæðingar 149 sem var mesti fjöldi nýrra skjólstæðinga frá upphafi. Það gerir 17% fækkun milli ára. Nýir skjólstæðingar voru að meðaltali 119 á ári frá 2012-2018. Karlmenn voru 15% nýrra skjólstæðinga og fækkar um 6% frá fyrra ári.



Tafla 3 Fjöldi nýrra skjólstæðinga hjá Aflinu síðastliðin 7 ár.

Hópastarf


Árið 2018 voru haldnir tveir sjálfshjálparhópar fyrir skjólstæðinga. Í hópunum voru samtals 8 skjólstæðingar, fjórar konur og fjórir karlmenn. Auk þess sátu ráðgjafar Aflsins hópnaðmskeið undir leiðsögn Ólafar Maríu Birnu Brynjarsdóttur lífssöguráðgjafa og meistaranema í félagsvísindum.



Tafla 4 Fjöldi skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu síðustu 7 ár

Ástæður komu


Lang flestir þeirra sem til Aflsins leita eru að vinna úr fleiri en einu áfalli. Líkamlegu ofbeldi fylgir oft andlegt ofbeldi, sérstaklega þegar um er að ræða ofbeldi í nánnum samböndum, og sést það best á því að 77% þeirra sem til Aflsins leituðu voru að vinna úr andlegu ofbeldi. Næst á eftir andlegu ofbeldi var kynferðisleg áreitni en 66% nýrra skjólstæðinga hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Þolendur nauðgunar voru 59%, 54% höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, 46% heimilisofbeldi og 44% voru að vinna úr einelti.



Tafla 5 Ástæður komu skjólstæðinga 2018

Uppruni og heimili


Lang flestir þeirra sem til Aflsins leita eru búsettir á Akureyri og nágrenni. Aðeins einn skjólstæðingur Aflsins var af erlendum uppruna árið 2018 en aðrir voru fæddir á Íslandi. Taflan hér að neðan sýnir fjölda skjólstæðinga eftir pósthúsnúmerum. Í einhverjum tilvikum hafa skjólstæðingar ekki skráð heimili. 2,2% nýrra skjólstæðinga voru búsettir utan Íslands en innan EES svæðisins. Sama hlutfall kom frá pósthúsnúmerum í Reykjavík. Skjólstæðingar frá svæðinu frá Siglufirði að Blönduósi voru 7,6% en 9,7% komu frá svæðinu austan Akureyrar að Mývatnssveit. Aðrir skjólstæðingar komu frá Akureyri og sveitarfélögum þar í kring með pósthúsnúmer 601.



Tafla 6 Heimili nýrra skólstæðinga Aflsins 2018

Aldursdreifing skólstæðinga


Um það bil helmingur nýrra skólstæðinga Aflsins árið 2018 var á aldursbilinu 18-29 ára. Aflíð tekur ekki við skólstæðingum sem eru yngri en 18 ára, nema með sérstakri heimild barnaverndarnefndar eftir að fjallað hefur verið um þeirra mál.



Tafla 7 Aldursdreifing skólstæðinga 2018

Staða á vinnumarkaði


Aðeins um 27% þolenda sem til Aflsins leituðu 2018 eru í fullu starfi. Nokkuð fleiri eru á örorku, án atvinnu eða heimavinnandi, eða samtals 32,4%.



Tafla 8 Staða skjólstæðinga Aflsins árið 2018 á vinnumarkaði

Tekjur skjólstæðinga

Aflið veitir ráðgjöf þolendum að kostnaðarlausu. Þetta endurspeglast að nokkru í tekju-skiptingu skjólstæðinga en lang stærsti hluti þeirra er með mánaðartekjur undir 300.000 kr. en aðeins rúm tvö prósent eru með tekjur yfir 600.000 á mánuði. Aflið þjónustar því að miklu leyti hóp sem ekki er í stöðu til að leita kostnaðarsamra úrræða. Þetta er við-kvæmur hópur og nauðsynlegt að til staðar séu úrræði fyrir hann.



Tafla 9 Tekjur skjólstæðinga árið 2018

Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um stjórn Aflsins, ráðgjafa og aðra velunnara. Þessi framlög í vinnu eru mikilvægur hluti rekstursins ekki síður en fjárframlög hinna fjölmörgu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Styrkir

Árið 2017 fékk Aflið tíu milljónir af fjárlögum og til viðbótar við framlag af fjárlögum voru svo veittar 4,5 milljónir í rekstrarstyrk frá Velferðarráðuneytinu. Í byrjun árs 2018 fékk Aflið tíu milljón króna fjárframlag á fjárlögum eftir mikinn þrýsting frá þingmönnum Norðausturkjördæmis og sveitarstjórnnum á Eyjafjarðarsvæðinu. Hins vegar komu engin auka framlög frá Velferðarráðuneyti og var því skorið niður í framlögum til Aflsins um 4,5 milljónir milli ára. Af þeim sökum var tekin sú ákvörðun að einskorða starfsemi samtakanna við grunnþjónsutu við þolendur. Lítið var því um endurmenntun ráðgjafa og kynningar á starfi samtakanna. Fulltrúar Aflsins hafa átt í viðræðum við alla Félags- og jafnréttismálaráðherra síðustu ára til að undirbúa samstarfssamning við ráðuneytið og tryggja þannig fjármögnun til lengri tíma en eins árs í senn. Verkefnastjóri Aflsins hefur verið í sambandi við starfsfólk ráðuneytisins og standa vonir til að samningsgerð verði lokið fyrir gerð næstu fjárlaga.

Aflið nýtur auk þess stuðnings einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og sveitarfélaga og námu styrkir frá þessum aðilum rúmum 4.000.000 kr. á árinu 2018. Það er aukning um 1.700.000 kr. milli ára. Munaði þar mestu um 1.000.000 kr. styrk frá Einingu-löju og



Frá útgáfuhátíð Einingar-löju í Hofi 10. febrúar 2018

900.000 kr. styrk frá Hugin, skólafélagi MA. Án þessara styrkja hefði Aflið ekki náð að standa við sínar skuldbindingar í lok árs. Meðal annarra styrktaraðila má nefna Soroptimistaklúbb Akureyrar sem veitir styrki úr Menntasjóði Aflsins, Zontaklúbb Akureyrar, Samfélagssjóð Landsvirkjunar, viðhorfshóp Gallup, kven-

félagið Tilraun og kvenfélag Fnjóskdæla. Auk þess naut Aflið stuðnings fórnfúsra hlaupara sem hétu á Aflið í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka.

Aflið hefur undarfarin ár haft þjónustusamning við Akureyrarbæ og hefur átt góða samvinnu við bæjaryfirvöld. Á vordögum 2016 var gerður nýr þjónustusamningur við

Akureyrarbæ sem fól í sér að í stað fjárstyrks veitir Akureyrarbær Aflinu styrk í formi afnota að húsnaðinu í Gamla spítala (Gudmanns Minde) að Aðalstræti 14. Með því er húsnaðisvandi Aflsins leystur og starfsemin komin í fullnægjandi húsnaði á Akureyri. Samningurinn felur í sér viðveru og sýnileika



Sigrún Finnsdóttir, fyrrverandi formaður Aflsins, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri, við undirritun samkomulags vegna Gamla Spítala á vordögum 2016. Mynd: Þórgnýr Dýrfjörð

á fjölmennustu helgum í bænum, þar sem fulltrúar Aflsins ganga um miðbæ og tjaldsvæði í merktum vestum, hengja upp plaköt með upplýsingum um Aflið á fjölförnum stöðum og eru sýnilegir á viðburðum. Samningurinn gildi til ársloka 2018 og unnið er að gerð nýs samnings. Þetta samstarf Akureyrarbæjar og Aflsins er hluti af þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á undanförnum misserum. Það er Akureyrarbæ til sóma að bjóða upp á slíka þjónustu og hvetjum við önnur sveitarfélög til að taka sér Akureyri til fyrirmyndar í þessum efnum. Það er ljóst að fræðsla og

umræða eru mikilvægir þættir í baráttunni gegn ofbeldi og auðveldar aðgengi þolenda að þjónustu.

Á opnu húsi Aflsins þann 7. desember

2016 var undirritaður styrktar-samningur milli Aflsins og ENOR.

Samningurinn var undirritaður af Sóleyju Björk Stefánsdóttur páverandi varaformanni Aflsins og Níelsi Guðmundssyni forstöðumanni endurskoðunar hjá ENOR.

Styrktarsamningurinn felur í sér

að ENOR tekur að sér gerð ársreiknings fyrir Aflið og sér um yfirferð á árs-

reikningi og fjárreiðum samtakanna. Samningurinn var gerður til eins árs en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp. Árið 2019 er þriðja árið sem ársreikningur er unninn af ENOR og með aðstoð þeirra hefur allt utanumhald með reikningum og bókhaldi tekið stakkaskiptum. Aflið þakkar ENOR fyrir þeirra framlag og vonandi verður framhald á þessu samstarfi.



Sóley Björk Stefánsdóttir, páverandi varaformaður Aflsins, og Níels Guðmundsson, endurskoðandi, undirrita styrktarsamning Aflsins og ENOR í desember 2016.

Útgjöld

Vegna niðurskurðar var öll áhersla var lögð á að beina fjármagni í grunnþjónustu við þolendur og því lítið um ferðir á námskeið og ráðstefnur. Árið 2018 voru veittir 1.460 viðtalstímar við 178 skjólstæðinga. Heildarkostnaður vegna viðtala er 6.965.000 kr. Auk þess voru tveir hópar starfræktir á árinu en kostnaður við hvern hóp er 300.000 kr. Beinn heildarkostnaður vegna viðtala er því 7.565.000 kr. á árinu 2018. Kostnaður vegna faglegs ábyrgðarmanns og handleiðara nam 712.000 kr. og kostnaður vegna ráðgjafafunda nam 1.160.000 kr. og kostnaður vegna síma og símaavaktar var 534.516 kr. Samanlagður kostnaður vegna grunnþjónustu er því 9.971.316 kr. Framlög úr ríkissjóði dugðu því aðeins fyrir grunnþjónustu. Laun verkefnastjóra og annar kostnaður var fjármagnaður með styrkjum frá sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum.

Ársreikningur

ENOR ehf. hefur tekið saman ársreikning fyrir Aflið fyrir árið 2018. Meðfylgjandi er ársreikningur eins og hann verður lagður fram fyrir aðalfund.

Rekstrartekjur námu rúmum 17,2 m.kr. samanborið við tæplega 20,2 m.kr. fyrir árið 2017. Munar þar mest um að framlög úr ríkissjóði minnkuðu um 4,5 m.kr. milli ára. Rekstrargjöld numu rúmlega 20,5 m.kr samanborið við rúmlega 21,5 m.kr. árið 2017. Rekstrargjöld samtakanna voru því meiri en rekstrartekjur sem nam tæplega 3,3 m.kr.

Stærsti hluti útgjalda samtakanna eru verktakagreiðslur til ráðgjafa eða um 52% heildarútgjalda. Ráðgjafar fá greitt fyrir einstaklings- og hópaviðtöl, fræðslu og fundi og starfsdaga með handleiðara og faglegum ábyrgðarmanni samtakanna. Næst stærsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður vegna verkefnastjóra eða um 22% heildarútgjalda. Verkefnastjóri sér um daglegan rekstur samtakanna. Í felst m.a. að taka við viðtalsbeiðnum, halda utan um tímaskráningar og tölfræði, skipuleggja þátttöku samtakanna í samstarfsverkefnum og ferðir ráðgjafa á fundi, námskeið og ráðstefnur auk þess að halda utan um bókhald í samstarfi við ENOR endurskoðun og skrifa ársskýrslu. Verkefnastjóri starfar náíð með bæði ráðgjöfum og stjórn. Kostnaður vegna handleiðslu og faglegrar ráðgjafa nam um 3,5% heildarútgjalda og samanlagt nemur því kostnaður vegna verkefnastjóra, ráðgjafa og handleiðslu um 77,5% af útgjöldum samtakanna fyrir árið 2018. Eftir standa þá 22,5% sem eru kostnaður vegna húsnæðis, daglegs reksturs, námskeiða, ferðalaga og þess háttar. Inni í þessum tölum er húsnæðis-kostnaður að upphæð 3.174.071 kr. sem greiddur er af Akureyrarbæ og kemur því inn bæði sem styrkur og kostnaður. Sé tekið tillit til þess er annar kostnaður en laun, verktakagreiðslur og handleiðsla einungis 8% af heildarútgjöldum.

Aflið
Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi

Ársreikningur 2018

Skýrsla stjórnar

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunaverkefni Stígamóta og Jafnréttisstofu. Aflið veitir öllum þolendum ofbeldis ráðgjöf á jafningjagrundvelli þeim að kostnaðarlausu þar sem markmiðið er að gera þolendur meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða þá við að nýta þá til að bæta eigið líf.

Rekstrartekjur samtakanna á árinu 2018 námu kr. 17,2 millj. en þær voru kr. 20,2 millj. á árinu 2017. Tap ársins nam kr. 3,2 millj. í samanburði við kr. 1,3 millj. í tap á árinu 2017. Heildareignir námu í árslok kr. 3,0 millj. og eigið fé var um kr. 2,2 millj.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að grunnstarfsemi samtakanna verði með svipuðu móti á árinu 2019 og hún var á árinu 2018. Auk þess er Aflið þátttakandi í undirbúningsvinnu fyrir Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi og hafinn er undirbúningur að því að auka við þjónustu við þolendur á Norðvesturlandi og Austurlandi.

Ráðstöfun rekstrarniðurstöðu

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Aflsins staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Akureyri, 9. maí 2019

Stjórn:

Áritun Enor

Til stjórnar og félagsmanna Aflsins

Við höfum veitt Aflinu faglega aðstoð við gerð ársreiknings fyrir árið 2018, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur samtakanna hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings. Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum við vinnu okkar fylgt þeim siðareglum sem um hana gilda.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum stjórnenda Aflsins. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur samtakanna ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi látum við hvorki fram álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 9. maí 2019

Enor ehf.

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur	3		
Framlög og styrkir		17.069.619	19.986.607
Aðrar rekstrartekjur		161.744	210.368
		<u>17.231.363</u>	<u>20.196.975</u>
Rekstrargjöld	4		
Laun og verktakagreiðslur		15.310.124	15.584.985
Annar rekstrarkostnaður		5.208.102	5.992.454
		<u>20.518.226</u>	<u>21.577.439</u>
Rekstrarafkoma (-tap)		(3.286.863)	(1.380.464)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		59.888	78.073
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(275)	(3.400)
		<u>59.613</u>	<u>74.673</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>(3.227.250)</u>	<u>(1.305.791)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12 2018	31.12 2017
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		0	180.000
Handbært fé		3.045.212	5.521.077
		<u>3.045.212</u>	<u>5.701.077</u>
Eignir samtals		<u>3.045.212</u>	<u>5.701.077</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	5	<u>2.213.355</u>	<u>5.440.605</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Ýmsar skammtímaskuldir		831.857	260.472
Skuldir samtals		831.857	260.472
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.045.212</u>	<u>5.701.077</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Almennar upplýsingar

Aflið er félagasamtök sem voru stofnuð á Akureyri árið 2002. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlögum og styrkjum til rekstrar samtakanna. Styrkir og framlög eru færðir eftir því sem þeir eru greiddir til samtakanna eða í samræmi við ákvæði gildandi styrktarsamninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samtökin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar og sundurliðanir

3. Rekstrartekjur

	2018	2017
Framlög og styrkir		
Framlög frá ríki	10.000.000	14.500.159
Framlög frá sveitarfélögum	3.844.071	3.939.586
Ýmis önnur framlög og styrkir	3.225.548	1.546.862
	17.069.619	19.986.607
Aðrar rekstrartekjur		
Seld þjónusta	160.000	200.000
Ýmsar aðrar tekjur	1.744	10.368
	161.744	210.368

4. Rekstrargjöld

	2018	2017
Laun og verktakagreiðslur		
Laun og launatengd gjöld	4.591.124	4.835.285
Verktakagreiðslur	10.719.000	10.749.700
	15.310.124	15.584.985
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	3.174.071	3.104.586
Símakostnaður	212.640	200.463
Tölvukostnaður og vefsíða	5.980	41.472
Pappír, prentun og ritföng	98.916	238.177
Gjaldfærð tæki og áhöld	9.995	253.171
Auglýsingar og kynningarmál	152.592	153.917
Ferða og fundakostnaður	341.729	331.355
Námskeið	0	372.500
Handleiðsla	712.000	743.318
Önnur aðkeypt þjónusta	15.000	0
Starfsmannatengdur kostnaður	296.290	394.413
Kaffistofa	48.201	66.321
Tryggingar	10.025	9.311
Þjónustugjöld og bankakostnaður	2.759	2.524
Ýmis annar kostnaður	127.904	80.926
	5.208.102	5.992.454

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé

	Eiginfjár- reikningur
Staða í ársbyrjun	5.440.605
Hagnaður (tap) ársins	(3.227.250)
Staða í árslok	2.213.355

Kærar þakkir



AFLIÐ

samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi
á Norðurlandi

